



FRÉTTATILKYNNING

Gert er ráð fyrir að fyrsti fríverslunarsamningur Evrópuríkja við Lýðveldið Kóreu muni færa iðnaði og neytendum í EFTA ríkjunum mikinn ávinning

Hong Kong -- 15. desember 2005 – Ráðherrar frá aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Íslandi, Liechtenstein, Noregi, og Sviss, undirrituðu í dag víðtækan fríverslunarsamning við Lýðveldið Kóreu. EFTA ríkin eru fyrst evrópskra ríkja til að undirrita fríverslunarsamning við Kóreu, sem er ellefta stærsta efnahagssvæði heims og þriðji stærsti útflytjandinn í Asíu. Samningurinn er þriðji fríverslunarsamningur Kóreu. Ríkið hafði áður gert slíka samninga við bæði Chile og Singapore, en EFTA ríkin hafa einnig gert fríverslunarsamninga við þau ríki.

Ráðherrar EFTA ríkjanna og Lýðveldisins Kóreu hófu formlegar fríverslunarviðræður í desember 2004. Samkvæmt útreikningum Kóreu mun samningurinn leiða til aukins árlegs útflutnings frá EFTA ríkjunum til Kóreu fyrir um 715 milljónir bandaríkjadala. Þannig er gert ráð fyrir að útflutningur muni aukast á vélbúnaði og vélahlutum, vörum úr stáli og öðrum málmi, efnavörum og sjávarafurðum. Áætlað er að árlegur útflutningur á vörum frá Kóreu til EFTA ríkjanna muni aukast um 666 milljónir bandaríkjadala, einkum vegna aukins útflutnings á bifreiðum, skipum og bátum, raftækjum, fatnaði og vefnaðarvörum. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til jákvæðra áhrifa vegna aukins frelsis í þjónustuviðskiptum, en talið er að þau verði umtalsverð. Viðskipti milli ríkjanna námu 2,7 milljörðum bandaríkjadala á árinu 2004.

Gert er ráð fyrir að samningurinn færi íslenskum iðnaði mikinn ávinning. Tollar munu falla niður af mikilvægum útflutningsvörum, s.s. sjávarafurðum, vélbúnaði, plastkerjum og plastbökkum.

Samningurinn nær til allra helstu sviða viðskipta landanna, þ.m.t. vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, opinberra innkaupa, samkeppnismála og hugverkaréttinda. Hann inniheldur einnig ákvæði um lausn ágreiningsmála. EFTA ríkin og Kórea hafa jafnframt gert tvíhliða samninga um verslun með óunnar landbúnaðarvörur. Þá var sérstakur fjárfestingasamningur gerður á milli Kóreu annars vegar og Íslands, Liechtenstein og Sviss hins vegar. Sett hefur verið á stofn sameiginleg nefnd til að fylgjast með framkvæmd fríverslunarsamningsins.

EFTA ríkin eru níundi stærsti vöruútflytjandi heims, þrátt fyrir að samanlagður íbúafjöldi þeirra sé aðeins um 12 milljónir. Þau hafa nú gert fríverslunarsamninga við fimmtán samstarfsríki með samtals 338 milljónum íbúa, auk þess sem fríverslun gildir í viðskiptum við Evrópusambandið, með 465 milljónir manna innan vébanda þess.

Frekari upplýsingar veitir:

Pal A. Hvistendahl

Upplýsingafulltrúi, skrifstofu aðalframkvæmdastjórans ,

Skrifstofa EFTA

Sími: +32 2 286 1719

pal.hvistendahl@efta.int

Bakgrunnsupplýsingar: Efnisatriði sem samningurinn nær til

Vöruviðskipti

Flestar iðnaðarvörur, þ.m.t. sjávarafurðir, njóta tollfrelsis frá gildistöku samningsins. Tollar af tilteknum vörum, sem fluttar eru inn til Kóreu, verða þó afnumdir í áföngum eða að undangenginni endurskoðun samningsaðila. Upprunareglur samningsins eru frjálslugar og heimila notkun á allt að 60 prósent af þriðja lands hráefni við framleiðslu tiltekinna vara. Samningurinn kveður einnig á um tollfríðindi fyrir unnar landbúnaðarvörur. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir tvíhliða samninga á milli EFTA ríkjanna og Kóreu.

Þjónustuviðskipti

Kafli samningsins um þjónustuviðskipti nær til þeirra fjögurra þjónustutegunda sem skilgreindar eru í GATS-samningnum og nær til allra þjónustusviðskipta. Viðaukar við samninginn kveða á um sérstakar þjónustuskuldbindingar, undanþágur frá bestukjarareglunni, gagnkvæma viðurkenningu, fjarskiptaþjónustu og sameiginlega framleiðslu útvarps- og sjónvarpsefnis.

Listar yfir sérstakar þjónustuskuldbindingar hvers samningsaðila verða endurskoðaðir þremur árum eftir gildistöku samningsins, og annað hvert ár þaðan í frá, með það að markmiði að draga úr eða útiloka alla mismunun.

Í sérstökum kafla samningsins er kveðið á um fjármálaþjónustu og er sett á stofn sérstök undirnefnd um hana. Skuldbindingar hafa verið auknar til samræmis við nýlegar lagabreytingar í ríkjum samningsaðila.

Samkeppnismál

Kafllinn um samkeppnisreglur fjallar einkum um samstarf, tilkynningar, samráð og miðlun upplýsinga, sem eru ekki trúnaðarmál, á milli samningsaðila. Sérstaklega er kveðið á um samráð aðila í tilvikum sem varða mikilvæga hagsmuni Kóreu eða EFTA ríkjanna.

Opinber innkaup

Í kaflanum um opinber innkaup lýsa samningsaðilar því yfir að Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (GPA) ákvarði réttindi og skyldur samningsaðila á þessu sviði. Jafnframt skal niðurstaða samninga innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar felld undir fríverslunarsamninginn.

Hugverkaréttindi

Í samningnum eru ítarlegar kröfur um verndun hugverkaréttar, sem ná til einkaleyfa, vörumerkja og höfundarréttar, og hann gengur á sumum sviðum lengra en samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum og aðrir alþjóðlegir sáttmálar og samningar.

Stofnanaákvæði

Sett er á stofn sameiginleg nefnd sem á að sjá um að fríverslunarsamningnum sé framfylgt og annast frekari þróun samningsins. Aðilar geta skipst á upplýsingum og haft samráð í nefndinni. Nefndin tekur ákvarðanir í þeim tilvikum sem samningurinn kveður á um, og veitir ráðgefandi álit í öðrum tilvikum.

Samskipti samningsaðila varðandi framkvæmd samningsins munu fara fram í gegnum EFTA skrifstofuna annars vegar og ráðuneyti viðskipta- og utanríkismála Kóreu hins vegar.

Lausn ágreiningsmála

Sérstakur kafli um lausn ágreiningsmála inniheldur efnisreglur og málsmeðferðarreglur varðandi lausn ágreiningsmála vegna samningsins á milli eins eða fleiri EFTA ríkja og Kóreu.

Fjárfestingasamningur

Sérstakur fjárfestingasamningur var gerður á milli Kóreu annars vegar og Íslands, Liechtenstein og Sviss hins vegar. Samningurinn nær bæði til markaðsaðgangs og verndunar fjárfestinga. EFTA ríkin þrjú og Kórea veita hvert öðru innlenda meðferð við staðfestu fjárfesta, með nokkrum undanþágum sem gerðar eru á grundvelli takmarkana í löggjöf samningsaðila. Samningurinn gerir jafnframt ráð fyrir möguleika á lausn ágreiningsmála beint á milli fjárfestis og þess ríkis þar sem fjárfesting hans er.